

Geðhjálp gefin hljómplata

Út er komin hljómplata með Gunnari Kvaran sellóleikara og Gísla Magnússyni píanóleikara. Platan er gefin út til styrktar félagssamtökunum Geðhjálp og njóta samtökin góðs af sölu hennar. Á plötuumslaginu segir Gunnar Kvaran m.a.: „Ég kynntist persónulegum geðrænum vandamálum veturinn 1984-85. Eftir að fullum bata var náð var efst í huga mér þakklæti til almættisins og til þeirra mörgu sem á einn og annan hátt stuðluðu að bata mínum. Þá fæddist hugmyndin um þessa hljómplötu, og mér fannst liggja beinast við að félagssamtökin Geðhjálp, sem inna af hendi sérstaklega gott og förmúst starf, nytu góðs af sölu hennar.“ Verkin á plötunni eru valin með hliðsjón af að ná til sem flestra, má þar



Gunnar Kvaran

nefna sívinsæl lög einsog Rondó eftir Boccherini, Spánskan dans eftir Granados, Tarantellu eftir Squire og Svaninn eftir Saint-Saens. Þá eru íslensk þjóðlög í útsetningu Hafliða Hallgrímssonar

og eitt þekktasta verk Fauré fyrir selló og píanó, elegía op. 24. Þótt þeir Gunnar og Gísli hafi starfað saman síðan 1973 er þetta í fyrsta skipti sem samleikur þeirra kemur út á hljómplötu. Hljóðritunannaðist Halldór Víkingsson í Norræna húsinu. Útgefandi er Fermata, en Skífan dreifir. Auk þess að fást í hljómplötuverslunum er platan seld á skrifstofu Geðhjálpar Veltusundi 3B.

Þjóðtrú eða alþýðlegt hugarflug

Félag íslenskra fræða gengst fyrir fundi í Skólábæ við Suðurgötu í kvöld kl. 20.30. Árni Björnsson þjóðháttafræðingur flytur erindi sem nefnist „Þjóðtrú eða alþýðlegt hugarflug“. Erindið flytur Árni í tilefni af vættatali sem hann hefur samið og kemur út fyrir jólin.

Mannakorn 15 ára

Hljómsveitin Mannakorn heldur upp á fimmtán ára afmæli sitt um þessar mundir. Sveitin hefur unnið að nýrri breiðskífu sem Steinar gefa út seinnipart þessa mánaðar. Um næstu helgi leikur hljómsveitin á Dansbarnum, Grensásvegi 7, þar sem vinir og velunnarar hljómsveitarinnar eru velkomnir. Miðaverði er stillt í hóf. Ellen Kristjánsdóttir syngur með hljómsveitinni. Á nýju breiðskífunni eru góðir gestir og má þar m.a. nefna Bubba Mortens, Ellen Kristjánsdóttur og Guðmund Ingólfsson. Platan heitir: Mannakorn 6 samferða.

Kortadagar

Íslenska kortagerðarfélagið stendur fyrir kortadögum og hefjast þeir í dag, en lýkur á laugar-

dag. Kortagerðarfélag á Norðurlöndunum hafa staðið fyrir slíkum dögum undanfarin ár, en þetta er í fyrsta skipti sem þetta er reynt hér á landi. Flutt verða erindi á Hótel Loftleiðum og sýning opnuð þar, sem verður opin almenningsi á laugardag. Kortadagarnir hefjast kl. 10.30 í dag með ávarpi umhverfisráðherra. Síðan flytur Ágúst Böðvarsson erindi um landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi. Síðan verða erindi og umræður um kortagerð á vegum Landmælinga Íslands. Þeim erindum verður haldið áfram á föstudagsmorgun, en eftir hádegi á föstudag verða erindi um sjókort sem flutt verða af starfsmönnum Sjósmælinga Íslands. Á laugardag fyrir hádegi verða erindi um landfræðileg gagnakerfi. Ráðstefnan fer fram í Höfða á Hótel Loftleiðum, en sýningin verður í Tanga